

LEYFI

UST202408-190

til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

ArcticLAS ehf.

Starfsstöð: Krókháls 5d, 110 Reykjavík

Kt: 550388-1389

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Leyfi þetta gildir fyrir ArcticLAS ehf., kt. 550388-1389, í starfsstöð á Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík, til afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum lífverum, annarra en örvera. ArcticLAS ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á sínu starfssviði og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimil, í starfsstöð sinni að Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík, í þar til gerðri tilraunadýraaðstöðu, starfsemi sem felur í sér innflutning og ræktun á allt að 3500 erfðabreyttum músum (*Mus musculus*) og 320 erfðabreyttum tilraunarottum (*Rattus norvegicus domestica*) á ári með mismunandi erfðabreytingar. Heimilt er að rækta músa- og rottuafbrigði sem flokkast í afmörkunarflokk 2 skv. viðauka 2 í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Heimilt er að rækta þau músa- og rottuafbrigði sem fram koma í umsókn rekstraraðila dags. 21. ágúst 2024. Að auki hefur rekstraraðili heimild til að flytja inn og geyma fósturvísu úr erfðabreyttum músa- og rottustofnum, sömu tegundar, með viðurkenndum aðferðum.

1.3 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfis- og orkustofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, á það m.a. við um breytingar á aðstöðu eða flokkun erfðabreyttra lífvera, sbr. 15. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort leyfishafi skuli breyta starfsaðstöðu sinni að boði stofnunarinnar eða hvort nauðsynlegt sé að afturkalla leyfið sbr. 15. gr. laganna. Ef tilkynnt breyting á starfsemi felur hvorki í sér breytingu á afmörkunarflokkun starfseminnar né áhættumati

getur Umhverfis- og orkustofnun samþykkt breytingar á starfsemi án þess að gefa út nýtt leyfi fyrir breyttri starfsemi.

1.4 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði starfseminni hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi verði eytt sbr. gr. 2.2. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlunin skal liggja fyrir hjá Umhverfis- og orkustofnun og heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun um fyrirhugaða stöðvun rekstrar með minnst mánaðar fyrirvara.

Ef starfsemin er stöðvuð lengur en hálf t. ár á gildistíma leyfisins skal það tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnunar og jafnframt ef og þegar starfsemi hefst á ný.

1.5 Afturköllun leyfis og breyttar forsendur

Við endurskoðun leyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í leyfum séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt leyfi.

Umhverfis- og orkustofnun getur afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt lögum nr. 18/1996 ef áhætta af leyfðri starfsemi eykst, flokkun erfðabreyttra lífvera breytist, nýjar upplýsingar liggja fyrir um að áhætta af starfseminni hafi verið vanmetin, ný tækni gerir það að verkum að mögulegt er að takmarka frekar en gert er áhættu fyrir heilsu manna og umhverfi eða ef brotið er gegn lögum og reglum sem um starfsemina gilda, skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 18/1996. Sama á við verði veigamiklar breytingar á starfseminni sbr. 15. gr. laga nr. 18/1996.

1.6 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum leyfisins, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum IX. kafla laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, til að knýja fram úrbætur.

Umhverfis- og orkustofnun er þannig heimilt að veita rekstraraðila áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila með erfðabreyttar lífverur sem tilgreindar eru í þessu leyfi, sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik og ef með þarf sbr. 32. gr. laga nr. 18/1996.

1.7 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um leyfi og leyfisumsókn að undanskildum þeim atriðum sem Umhverfis- og orkustofnun hefur fallist á að teljist vera trúnaðarmál, sbr. 10. gr. laga nr. 18/1996 og 19. gr. reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

Umhverfis- og orkustofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. grein 4.1 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.



1.8 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfis- og orkustofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1 Skráning úrgangs

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur viðstarfsemina, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

2.2 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Meðferð úrgangs skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sag úr búrum músa og rotta sem inniheldur þvag og saur skal urðað. Geyma má lífrænar leifar músa og rotta í frysti þar til þeim er fargað, en aflífuðum tilraunadýrum á að farga með brennslu sbr. reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Skila á spilliefnum í spilliefnamóttöku.

2.3 Afmörkunarráðstafanir

Starfsemi þessi fellur undir afmörkunarflokk 2 skv. viðauka 2 í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Umhverfis- og orkustofnun setur því eftirfarandi afmörkunarskilyrði í samræmi við afmörkunarflokk 2 í viðauka 2 í reglugerð nr. 276/2002, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur:

- Staðið skal að starfseminni þannig að engar rottur eða mýs berist út.
- Nota skal skilti sem varar við hættu af líffræðilegum toga.
- Aðgangur skal takmarkaður við tiltekna einstaklinga.
- Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsfólk klæðist hlífðarfatnaði og hafi aðgang að hreinsunar- og þvottaaðstöðu.
- Rekstraraðili skal sjá til þess að aðgangur að ræktunarsvæði sé takmarkaður, svo sem með læsingu dyra og með virku öryggiskerfi.
- Ræktunin skal fara fram í lokuðu kerfi og unnt skal vera að takmarka við öryggissvæði úrgang sem berst úr hinu lokaða kerfi (a.m.k. hræ tilraunadýra).



3 INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Öryggisráðstafanir

Eftirfarandi reglur skulu gilda um öryggi og hollustu á vinnustöðum sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 276/2002:

- Halda skal mengun af völdum eðlis-, efna- og líffræðilegra mengunarvalda í umhverfi eins lítilli og mögulegt er.
- Nota skal mengunarvarnarbúnað þar sem mengunin á upptök sín og leggja að auki til hlífðarfatnað og hlífðarbúnað þegar þess gerist þörf.
- Framkvæma skal viðeigandi prófanir og viðhald á varnarbúnaði og tækjum.
- Kanna skal eftir þörfum hvort erfðabreyttar lífverur finnast utan þess afmarkaða svæðis þar sem afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera fer fram.
- Sjá skal til þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun.
- Stofna skal öryggisnefndir og undirnefndir um líffræðileg efni ef þörf krefur.
- Setja skal og framfylgja reglum sem gilda um öryggi á vinnustöðum á hverjum stað.

3.2 Endurskoðun afmörkunarráðstafana

Rekstraraðili skal, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 276/2002, koma upp innra eftirliti með starfseminni og endurskoða reglulega þær ráðstafanir sem gerðar eru til að hún fari fram í afmörkuðu rými. Í því skyni skal hafa til hliðsjónar nýjungar á sviði vísinda og tækni. Sama gildir um eftirlit með úrgangi, geymslu, meðferð og losun.

3.3 Vinnudagbók

Rekstraraðili skal færa vinnudagbók, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Eftirfarandi upplýsingar skulu færðar inn í hana:

- Nýting á aðstöðu.
- Músa- og rottuafbrigði í ræktun.
- Upplýsingar um afkvæmi ásamt dagsetningum.
- Úrgangur sem fer til förgunar ásamt dagsetningum.
- Aflífing erfðabreyttra músa og rotta.
- Eftirlit, eftir þörfum, hvort erfðabreyttar mýs eða rottur finnast utan ræktunarsvæðis.
- Viðhald, eftirlit og bilanir í starfsstöðinni (þ.m.t. öryggiskerfi) sem gætu haft áhrif á mengunarhættu ásamt dagsetningum.
- Breytingar á tækjabúnaði á rekstartíma.
- Mengunaróhöpp, skemmdarverk og tilraunir til skemmdarverka og viðbrögð við þeim.
- Þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 4.3.



3.4 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. grein 4.3.

4 EFTIRLIT OG STARFSHÆTTIR

4.1 Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila og gerir eftirlitsskýrslu, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar með starfseminni fer fram reglulega og í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 276/2002. Ef Umhverfis- og orkustofnun telur ástæðu til getur eftirlitið orðið tíðar.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skrá. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila er heimill óhindraður aðgangur að rannsóknarstofum eða svæðum þar sem notaðar eru, eða unnið er með, erfðabreyttar lífverur. Jafnframt geta eftirlitsaðilar krafist þess að fá aðgang að öllum skjölum og efni sem máli skiptir vegna eftirlitsins sbr. 24. gr laga nr. 18/1996. Rekstraraðila er skylt, án tillits til trúnaðarskyldu, að afhenda eftirlitsaðila nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið sbr. 25. gr laga nr. 18/1996.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við Umhverfis- og orkustofnun og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Umhverfis- og orkustofnun getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Umhverfis- og orkustofnun hefur jafnframt sérstakan tengilið við rekstraraðila og skulu tilkynningar skv. gr. 4.3 sendar einnig á þennan tengilið. Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

4.3 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 9. og 15. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á óhöppum og bilun í afmörkunarbúnaði, bráðamengun, skemmdarverkum og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp, skemmdarverk eða tilraun til skemmdarverka. Tryggja skal að starfsfólk hafi



fullnægjandi þekkingu á starfseminni og mengunarhættu hennar vegna, auk hættu vegna efnameðhöndlunar. Áhættumat og viðbragðsáætlun skulu liggja fyrir við leyfisveitingu.

4.4 Tilkynning vegna óhappa

Verði óhapp eða slys vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera ber rekstraraðila að tilkynna það án tafar til Umhverfis- og orkustofnunar og annarra, sem eftirlit kann að verða falið, þ.m.t. Vinnueftirlits ríkisins sbr. 27. gr. laga nr. 18/1996 og sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Slík tilkynning skal innihalda upplýsingar um:

- (a) Tildrög slyssins.
- (b) Tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út.
- (c) Allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið.
- (d) Neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.3, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í afmörkunarbúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.3.

5 GJALDSKYLDA

Rekstraraðili greiðir Umhverfis- og orkustofnun gjald vegna útgáfu leyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, skv. gjaldskrá stofnunarinnar.

6 GILDISTAKA

Leyfi þetta er gefið út í samræmi við ákvæði laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera, og öðlast þegar gildi og gildir til 10. mars 2041.

Leyfinu fylgir greinagerð, sjá fylgiskjal.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu leyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 29. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 10. mars 2025

Umhverfis- og orkustofnun

Edda Sigríður Freysteinsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri



FYLGISKJAL 1

Greinargerð vegna útgáfu leyfis fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera á vegum ArcticLAS ehf. að Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík.

1. Almenn

ArcticLAS, kt. 550388-1389, sótti um leyfi þann 21. ágúst 2024 fyrir afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera, skv. reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera og lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur. Starfsemin fellur undir afmörkunarflokk 2, skv. viðauka 2 við reglugerð nr. 276/2002.

Í umsókninni er starfsemi ArcticLAS lýst. Um er að ræða ræktun á erfðabreyttum músum og rottum sem keyptar eru frá viðurkenndum ræktendum tilraunadýra sem sjá um að erfðabreyta tilraunadýrum. ArcticLAS rekur tilraunadýraaðstöðu og þjónustar m.a. vísindamenn HÍ. Felst þjónustan í því að hýsa tilraunadýr, sjá um heilbrigðiseftirlit og aðstoða vísindamenn við tilraunir. Tilgangur starfseminnar er mismunandi eftir verkefnum og þeim sjúkdómamódelum sem unnið er með hverju sinni.

Umhverfisstofnun sendi þann 11. september 2024 móttökustaðfestingu umsóknar til rekstraraðila. Þar komu fram upplýsingar um rúkkun á grunngjaldi vegna leyfisvinnslunnar. Með umsókninni fylgdi listi yfir þá músa- og rottustofna sem verið er að vinna með, áhættumat vegna hugsanlegrar dreifingar erfðabreyttra lífvera frá tilraunadýraaðstöðu skv. 9. gr. reglugerðar nr. 276/2002, viðbragðsáætlun vegna hugsanlegrar dreifingar skv. 15 gr. sömu reglugerðar, auk áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og yfirlit yfir verklag varðandi vinnu með tilraunadýr á dýraaðstöðu ArcticLAS. Umhverfisstofnun fór yfir og mat umsókn rekstraraðila fullnægjandi þann 23. september 2024.

Við vinnslu á leyfinu var haft samráð við tengilið umsóknar og leyfistillagan var send viðkomandi til yfirlstrar þann 18. febrúar 2025. Svaraði umsækjandi með athugasemdum þann 25. febrúar 2025 sem unnið var úr.

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa en leyfi þetta er veitt af Umhverfis- og orkustofnun en hún tekur við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

2. Samráð og umsagnir

Leyfisveitingin dróst m.a. þar sem ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur var ekki starfandi. Skipað var í nefndina þann 29. nóvember 2024. Beiðni um umsögn var send til ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur þann 2. janúar 2025, sbr. 6. gr. laga nr. 18/1996 og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Umsókn ArcticLAS ásamt fylgigögnum var tekin fyrir á fundi ráðgjafanefndarinnar þann 13. janúar 2025.



Umsögn nefndarinnar barst síðan Umhverfis- og orkustofnun þann 28. janúar 2025. Í umsögn nefndarinnar kemur fram að nefndin leggi til að leyfið verði byggt á afmörkunarflokki 2 eins og fyrri leyfi ArcticLAS en ekki afmörkunarflokki 3 eins og fram kom í umsóknargögnum. Nefndin lagði til að umsóknin yrði samþykkt.

Vinnueftirliti ríkisins var tilkynnt um umsóknina þann 3. janúar 2025, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 276/2002 og óskaði Umhverfis- og orkustofnun eftir umsögn varðandi flokkun starfseminnar og aðstöðunnar. Umsögn Vinnueftirlitsins barst Umhverfis- og orkustofnun þann 5. febrúar 2025. Þar kemur fram að Vinnueftirlitið gerði ekki athugasemd við umsókn rekstraraðila varðandi heilbrigðissjónarmið. Einng kom fram að Vinnueftirlitið gerði ekki athugasemdir við flokkun Umhverfisstofnunnar, sem flokkar starfsemina undir afmörkunarflokk 3, skv. 3. gr. og viðauka 2, í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

Vegna ábendingar frá ráðgjafanefndinni var send fyrirspurn til Vinnueftirlitsins, þann 5. febrúar 2025 varðandi það hver er afstaða Vinnueftirlitsins væri varðandi þessa athugasemd á flokkun starfseminnar og hvort rétt væri að flokka hana í afmörkunarflokk 3 eða afmörkunarflokk 2, í samræmi við fyrri leyfi frá UST. Í svari Vinnueftirlitsins kom fram að ArcticLAS uppfyllir öll skilyrði fyrir flokk 2 og 3 reyndar líka. Þann 25. febrúar 2025 kom í ljós eftir samráð við umsækjanda að mistök höfðu verið gerð í leyfisumsókninni varðandi flokkun starfseminnar í afmörkunarflokk. Í framhaldi af því var Vinnueftirlitinu tilkynnt um breytingu á flokkun starfseminnar og ný umsögn barst frá Vinnueftirlitinu þann 27. febrúar 2025 þar sem Vinnueftirlitið staðfestir flokkun starfsemi ArcticLAS í afmörkunarflokk 2.

3. Afmörkunarflokkur og áhættumat

Rannsókarstofustarfsemi með erfðabreyttar mýs og rottur fellur undir afmörkunarflokk 2, skv. viðauka 2 við reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Umhverfis- og orkustofnun setur því ákveðin afmörkunarskilyrði sem koma fram í gr. 2.3 í leyfinu, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

Meinvirkni þessara músa og rotta er ekki talin vera önnur eða meiri en villtra músa og rotta. Þessi dýr hafa ekki önnur áhrif á aðrar lífverur í þessu tilliti en aðrar mýs og rottur.

4. Mat á áhættu fyrir ytra umhverfi

Öll dýr sem eru flutt inn á tilraunadýrastöðina eru fengin frá viðurkenndum ræktendum. Dýrin verða hýst innandyra á Krókhálsi 5d, í þar til gerðri tilraunadýraaðstöðu. Dýrin eru hýst í lokuðum búrum í lokuðum Scanbur dýraskápum eða IVC-rekkum (Individually ventilated cages). ArcticLAS er lokuð aðstaða. Einungis handhafar aðgangskorta komast inn í aðstöðuna. Við komuna eru öll dýrin skráð inn í aðstöðuna, m.a. í hvaða herbergi dýrin eru sett í og í hvaða búraskáp eða IVC rekka dýrin eru sett.

Þeir tilraunadýrastofnar sem notaðir eru, hafa frá upphafi verið ræktaðir af erlendum ræktunarstöðvum. Á tilraunadýraaðstöðinni hjá ArcticLAS eru engar sýkingartilraunir leyfðar og markvisst miðað að því að minnka örveruflóru og óhreinindi sem gætu borist inn á aðstöðuna. Það er því almennt viðurkennt að tilraunadýr hafa minni möguleika á að lifa af í náttúrunni heldur



en villt dýr vegna þessa verndaða umhverfis sem þau hafa verið ræktuð við og lifa venjulega í. Þau hafa ekki reynslu í að afla sér matar, eru útsettari fyrir sýkingum sem hafa venjulega ekki áhrif á villt dýr og hafa ekki reynslu og skerta kunnáttu í að forðast hættur. Þessar mýs og rottur myndu ekki hafa áhrif á aðrar lífverur í umhverfinu umfram þau áhrif sem villtar íslenskar mýs og rottur hafa ef þær slippu út.

Um leið og grunur leikur á að dýr hafi komist út fyrir aðstöðuna eða úr flutningskössum er viðeigandi ferli virkjað skv. viðbragðsáætlun, m.a. haft samband við Umhverfis- og orkustofnun, Meindýravarnir Reykjavíkur og Matvælastofnun. Ef tilraunadýr myndu sleppa væri hægt að greina þessi dýr frá villtum músum og rottum með því að skoða erfðaeefni þeirra; gera Southern blot, nota þreifara, o.s.frv, allt staðlar aðferðir.

